

Skólaráðsfundur 10.maí 2017

Mætt: Kristín, Hafdís, Stína rit, Kristjana, María, Unnur

Efni fundar: skóladagatal næsta árs, þróunarstarf við skólann, fjárhagsstaða, auglýsingar fyrir næsta vetur.

### 1. Skóladagatal 2017-2018

- a. Skóladagatal hefur mikið verið rætt á kennarafundum.
- b. 180 skóladagar, 170 venjulegir og 10 gildir sem mega vera skertir
- c. Haldið verður upp á afmæli skólans 7.desember þegar hann verður 60 ára
- d. Rætt um árhátíðar fyrirkomulag - var þrískipt í ár og var almenn ánægja með það hjá foreldrafélaginu.
- e. Bláir dagar eru starfsdagar - eru 5 á skólaárinu meðan kennsla er og 8 fyrir og eftir kennsludaga.
- f. Skóladagatal samþykkt.

### 2. Þróunarverkefni - styrkir

- a. Kristín nýkomin af fundi hjá Landlækni þar sem farið var yfir vinnu tengda Heilsueflandi grunnskóla.
- b. Sóttum um styrk hjá Lýðheilsusjóði til að útbúa hreyfistöðvar víðsvegar um skólann. Höfum ekki fengið svar við því.
- c. DAM hópurinn sótti einnig um styrk í sama sjóð, hafa ekki fengið svar.
- d. DAM snýst um að kenna hóp að fást við erfiðleika og mótlæti. Forvörn. 8.bekkur hefur fengið 30 tíma í DAM í vetur og er að klára verkefnið. Fyrstu niðurstöður eru jákvæðar (gerðu könnun áður en verkefnið hófst og aftur núna). Stefnt að því að kenna þetta í 1.bekk og 8.bekk næsta vetur og að 9.bekkur fái upprifjun í efninu. Til stendur að þýða námsefnið.
- e. DAM fékk styrk úr Sprotasjóði 950 þúsund til að þróa starfið áfram og mennta kennarana. Kennarar hafa hug á að fara til Bandaríkjanna næsta vetur í þjálfun.
- f. Erasmus+ styrkur fyrir 7 manns (ca. 1600 þús) til að fara erlendis á námskeið. Unglingastigskennarar hafa hug á að fara á námskeið í kennslu 21.aldarinnar (sótt um fyrir 4, fengum fyrir 2). 3.-4. bekkur sótti um til að sækja námskeið í rússnesku stærðfræðinni og fengu fyrir 3. Heilsueflingarnefnd sótti um styrk fyrir 5 manns til að fara til Danmerkur að skoða Heilsueflandi skóla. en fékk fyrir 2.
- g. Endurmenntun kennara er oft af skornum skammti og því var sótt um styrk í endurmenntunarsjóð grunnskóla. Styrkur fékkst til að efla list og verkgreinakennslu. Sótt var um í nafni Oddeyrarskóla, Hrafnagilsskóla og Þelamerkurskóla. Haldnar verða menntabúðir Eylist. Rannveig og Linda Óla eru í nefnd fyrir okkar skóla
- h. Rúmlega 200 þús. styrkur frá endurmenntunarsjóði grunnskóla til að skoða námsmat í samstarfi við Þelamerkurskóla.

### 3. Fjármál

- a. Tekjur heldur meiri en áætlað hefur verið. T.d. fæðissala og Frístund.
- b. Laun um 1700 þús. yfir áætlun, mest í yfirvinnu vegna forfalla
- c. Höfum náð betri tókum á kaupum á skrifstofuvörum.
- d. Vörukaup - erum komin umfram ef miðað er við fyrstu 4 mán. en það skýrist af tölvukaupum í upphafi árs. Eigum þó enn eftir til að geta keypt Cromebook tölvuvagn fyrir yngsta stig.
- e. Mjög fín staða eftir fyrstu fjóra mánuði í bókhaldsári.

4. Önnur mál:

- a. Kristín rit segir frá Fyrstu hjálpar námskeiði sem almennt starfsfólk fór á, mikil ánægja með námskeiðið.
- b. Íþróttahús - viðbygging. Rætt um hvort eitthvað hafi gerst í því máli. Kristín ætlar að kanna málið. Kristín deilir skjali með Heilsuefingarnefnd, Maríu, Erlendi þar sem við söfnum rökum fyrir stækkun :)
- c. Unnur segir frá áætlunum foreldrafélags um að gefa nemendum nýja klifurgrind. Horfa til Síðuskóla klifurgrindarinnar. Aðrar hugmyndir: sófar/hrúgöld fyrir unglinga, útileikföng (húllahringi, sippubönd) fyrir yngri nemendur. Foreldraráðið hefur líka rætt um að mála Parísá o.fl. á skólalóð.

5. Auglýsingar

- a. Svala í leyfi, Stip til Hollands, staða unglíngastígskenara (Maggý er í afleysingarstöðu), tvær skólaliðastöður, tónmenntakennara, tvær stuðningfulltrúastöður.